

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frístundabyggð í landi Leynis, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 30 ha svæði í landi Leynis við Böðmósstaði, meðfram Brúará, breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006